



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 24. ágúst 2020

R20060252

AK/TIA

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins um undanþágur á ökubanni um göngugötur

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 25. júní 2020, var svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins, vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 4. lið fundargerðar sama dag:

Þess er óskað að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur svari hvort og þá hvernig það samræmist gildandi mannréttindastefnu borgarinnar að óska eftir því við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að sveitarfélög fái sjálf að ákveða hvaða undanþágur verði veittar á ökubanni um göngugötur. Sömuleiðis hvort sú ósk fari gegn jafnréttisstefnu borgarinnar og stefnu um jafnt aðgengi allra í Reykjavík (það er algilda hönnun og aðgengi fyrir alla). Sérstaklega er vísað í þær athugasemdir frá Öryrkjabandalagi Íslands sem fram hafa komið varðandi þessa ósk Reykjavíkurborgar til Alþingis. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins harma það að þessi ósk hafi verið lögð fram og telja að með henni sé verið að gera lítið úr réttindabaráttu fatlaðra varðandi jafnt aðgengi. Sömuleiðis að kannað verði hvort mannréttindi hafi verið brotin á réttindum fatlaðra og á jafnræðisreglu gagnvart rekstraraðilum, þegar ákveðið var að loka alfarið fyrir umferð ökutækja um rótgrónar verslunargötur. Skýrt er í lögum að óheimilt er að meina fötluðum aðgengi að allri þjónustu sem veitt er í hverju sveitarfélagi. Einnig er bent á að Ísland hefur skrifað undir samþykktir Sameinuðu þjóðanna um jafnan rétt fatlaðra um aðgengi hvers konar.

Umsögn:

Reykjavíkurborg ber ávallt að taka ákvarðanir í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Í því felst m.a. að fötluðu fólki skuli ekki vera mismunad vegna fötlunar og að fötluðu fólki skuli tryggðar aðstæður til að taka þátt í borgarsamfélaginu. Því er ekki hægt að fullyrða um að ósk Reykjavíkurborgar við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis myndi sjálfkrafa fela í sér aðgerðir sem væru í ósamræmi við mannréttindastefnuna. Komin eru fram drög að erindisbréfi fyrir stýrihóp sem á að ljúka því að móta

aðgengisstefnu fyrir Reykjavíkurborg en sérstök stefna um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla líkt og fyrirspurnin vísar í, er ekki til staðar eins og er.

Útfærsla á því hvernig fötluðu fólki skuli tryggðar aðstæður til að taka þátt í borgarsamfélaginu, líkt og kveðið er á um í mannréttindastefnunni, er pólitísk ákvörðun og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tekur ekki afstöðu til þess hvaða leiðir skuli fara til að ná því fram. Því verður ekki tekin afstaða til þess hér hvort akstur P-korthafa um göngugötur sé æskilegasta útfærslan eða hvort tryggja eigi aðgengi P-korthafa að göngugötum og verslunum sem staðsettar eru við þær með öðrum hætti. Það er þó ljóst að tryggja þarf að handhafar P-korta geti notið göngugatna og sótt verslun og þjónustu við þær til jafns við aðra óháð því hvaða leiðir eru farnar til að ná því markmiði.

Í athugasemdum Öryrkjabandalags Íslands varðandi erindi Reykjavíkurborgar til samgöngunefndar Alþingis, sem vísað er til í fyrirspurninni, má finna tilvísun í 9. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samkvæmt greininni skulu aðildarríki tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi. Áhersla er lögð á að byggingar og umhverfi sé aðgengilegt öllum og að notast sé við algilda hönnun en ekki er þó kveðið á um útfærslur á aðgengismálum við tiltekna aðstæður líkt og göngugötur.

Að lokum telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fyrirspurn um áhrif götulokana á fyrirtæki í miðbænum og vangaveltur um það hvort Reykjavíkurborg kunni að hafa vegið að hagsmunum verslunareigenda ekki varða verksvið skrifstofunnar.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar